

VIÐAUKI I
SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

1. HEITI LYFS

Infanrix hexa, stungulyfsstofn og dreifa, dreifa.

Barnaveiki (D), stífkampa (T), kíghósta (frumulaust, hlutar) (Pa), lifrabólgu B (rDNA) (HBV), mænusóttar (deytt) (IPV) og samtengt *Haemophilus influenzae* gerð b (Hib) bóluefni (aðsogað).

2. INNIHALDSLÝSING

Eftir blöndun, 1 skammtur (0,5 ml) inniheldur:

Barnaveikitoxóíð ¹	ekki minna en 30 alþjóðlegar einingar (a.e.)
Stífkrampatoxóíð ¹	ekki minna en 40 alþjóðlegar einingar (a.e.)
Kíghóstamótefnavakar	
Kíghóstatoxóíð (PT) ¹	25 míkrogrömm
Þráðlaga hemagglútín (FHA) ¹	25 míkrogrömm
Pertaktín (PRN) ¹	8 míkrogrömm
Yfirborðsmótefnavaka lifrabólgu B (HBs) ^{2,3}	10 míkrogrömm
Mænusóttarveirur (deyddar) (IPV)	
gerð 1 (Mahoney stofn) ⁴	40 D-mótefnavakaeiningar
gerð 2 (MEF-1 stofn) ⁴	8 D-mótefnavakaeiningar
gerð 3 (Saukett stofn) ⁴	32 D-mótefnavakaeiningar
<i>Haemophilus influenzae</i> gerð b fjölsykrungur	10 míkrogrömm
(polyribósýlribítól fosfat, PRP) ³	
samtengt stífkrampatoxóíði, sem burðarpróteini	u.þ.b. 25 míkrogrömm

¹ aðsogað á álhýdroxíðhýdrat (Al(OH)₃) 0,5 milligrömm Al³⁺

² framleitt í gersveppafrumum (*Saccharomyces cerevisiae*) með samruna erfðatækni

³ aðsogað á álfosfat (AlPO₄) 0,32 milligrömm Al³⁺

⁴ ræktaðar í VERO frumum

Bóluefnið getur innihaldið snefilmagn af formaldehýði, neomýcíni og pólýmyxíni, sem eru notuð við framleiðsluna (sjá kafla 4.3).

Hjálparefni með þekkta verkun

Bóluefnið inniheldur para-ámínóbensósýru 0,057 nanóg í hverjum skammti og fenýlalanín 0,0298 míkrogrómm í hverjum skammti (sjá kafla 4.4.)

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Stungulyfsstofn og dreifa, dreifa.

Barnaveiki, stífkampa, frumulaust kíghósta, lifrabólgu B, óvirkt mænusóttar (DTPa-HBV-IPV) efnisþættirnir eru ógagnsæ hvít dreifa.

Frostþurrkaði *Haemophilus influenzae* b efnisþátturinn er hvítt duft.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Ábendingar

Infanrix hexa er ætlað til frum- og örvunarónæmisaðgerðar hjá ungbörnum frá 6 vikna aldri og smábörnum gegn barnaveiki, stífkampa, kíghósta, lifrabólgu B, mænusótt og sjúkdómum af völdum *Haemophilus influenzae* b.

Notkun Infanrix hexa skal vera í samræmi við opinberar ráðleggingar.

4.2 Skammtar og lyfjagjöf

Skammtar

Frumónæmisadgerð

Áætlun fyrir frumónæmisadgerð felst í tveimur eða þremur skömmtum (0,5 ml) sem gefa skal samkvæmt opinberum ráðleggingum (sjá töflu hér að neðan í þessum kafla og kafla 5.1 varðandi áætlanir sem metnar voru í klínískum rannsóknum).

Framlengda áætlun fyrir ónæmisadgerð (við 6, 10, 14 vikna aldur) má einungis nota ef skammtur af lifrabólgu B bóluefni var gefinn við fæðingu.

Þegar skammtur af lifrabólgu B bóluefni er gefinn við fæðingu:

- Má nota Infanrix hexa í staðinn fyrir viðbótarskammta af lifrabólgu B bóluefni frá 6 vikna aldri. Ef fyrir þennan aldur þarf annan skammt af lifrabólgu B bóluefni skal nota eingilt lifrabólgu B bóluefni.
- Má nota Infanrix hexa fyrir blandað fimmgilt/sexgilt bóluefni frumónæmingaráætlunarinnar í samræmi við opinberar ráðleggingar.

Fara skal eftir fyrirbyggjandi fyrirmælum um ónæmisadgerðir gegn lifrabólgu B sem settar eru fram á hverjum stað.

Skipta má Infanrix hexa út fyrir gjöf með fimmgildu bóluefni samhliða lifrabólgu B bóluefni.

Örvunarskammtur

Eftir 2-skammta eða 3-skammta frumónæmisadgerð með Infanrix hexa, á að gefa örvunarskammt með Infanrix hexa a.m.k. 6 mánuðum eftir síðasta skammtinn í frumónæmisadgerðinni (sjá töfluna hér á eftir í þessum kafla og kafla 5.1 fyrir áætlanir samkvæmt klínískum rannsóknum).

Infanrix hexa má nota sem örvunarskammt hjá einstaklingum sem hafa áður verið bólusettir með öðru sexgildu bóluefni eða fimmgildu DTPa-IPV+Hib bóluefni tengt eingildu lifrabólgu B bóluefni fyrir frumónæmisadgerðirnar.

Þegar örvunarskammtur með sexgildu DTPa (diphtheria, tetanus og acellular pertussis) bóluefni er ekki aðgengilegt, á að gefa skammt af Hib bóluefni, að lágmarki.

Börn

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi og verkun Infanrix hexa hjá börnum eldri en 36 mánaða. Engin gögn eru fyrirliggjandi.

Frumónæmisadgerð	Örvunarskammtur	Almenn athugunarefni
Fullburða ungbörn		
3-skammtar	Gefa þarf örvunarskammt.	• Líða þarf að minnsta kosti 1 mánuður á milli skammta frumónæmisadgerðar. • Örvunarskammt á að gefa að minnsta kosti 6 mánuðum eftir síðasta skammt frumónæmisadgerðar og helst fyrir 18 mánaða aldur.
2-skammtar	Gefa þarf örvunarskammt.	• Líða þurfa að minnsta kosti 2 mánuðir á milli skammta frumónæmisadgerðar. • Örvunarskammt á að gefa að minnsta kosti 6 mánuðum eftir síðasta skammt frumónæmisadgerðar og helst milli 11 og

		13 mánaða aldurs.
Fyrirburar sem fæddir eru eftir að minnsta kosti 24 vikna meðgöngu		
3-skammtar	Gefa þarf örvunarskammt.	- Líða þarf að minnsta kosti 1 mánuður á milli skammta frumónæmisaðgerðar. - Örvunarskammt á að gefa að minnsta kosti 6 mánuðum eftir síðasta skammt frumónæmisaðgerðar og helst fyrir 18 mánaða aldur.

Lyfjagjöf

Infanrix hexa er ætlað til inndælingar djúpt í vöðva, æskilegt er að nota mismunandi staði fyrir endurtekna skammta.

Sjá leiðbeiningar í kafla 6.6 um blöndun lyfsins fyrir gjöf.

4.3 Frábendingar

Ofnæmi fyrir virku efnunum eða einhverju hjálparefnanna sem talin eru upp í kafla 6.1 eða formaldehyði, neómýcíni og pólýmyxíni.

Ofnæmi eftir fyrri gjöf bóluefna gegn barnaveiki, stífkrampa, kíghósta, lifrabólgu B, mænusótt eða *Haemophilus* gerð b.

Ef ung- eða smábarnið hefur fengið heilakvilla af óþekktum orsökum innan 7 daga frá fyrri ónæmisaðgerð með kíghóstabóluefni skal ekki gefa Infanrix hexa. Við þessar aðstæður skal hætta kíghóstabólusetningu og halda áfram með barnaveiki-stífkrampa-, lifrabólgu B-, mænusóttar- og Hib-bóluefnum.

Eins og á við um önnur bóluefni, skal fresta ónæmisaðgerð með Infanrix hexa hjá sjúklingum sem hafa alvarlega bráða hitasótt. Minni háttar sýking er hins vegar ekki frábending.

4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Skoða skal sjúkrasögu einstaklings fyrir ónæmisaðgerð (sérstaklega m.t.t. fyrri ónæmisaðgerða og hugsanlegra aukaverkana) sem og framkvæma klíniska skoðun.

Eins og á við um öll bóluefni er ekki víst að verndandi ónæmissvörun náist hjá öllum sem bólusettir eru (sjá kafla 5.1).

Infanrix hexa kemur ekki í veg fyrir sjúkdóm af völdum sýkingarvalda annarra en *Corinebacterium diphteriae*, *Clostridium tetani*, *Bordetella pertussis*, lifrabólgu B veiru, mænusóttarveiru eða *Haemophilus influenzae* gerð b. Hins vegar má búast við því að komið sé í veg fyrir lifrabólgu D með ónæmisaðgerð, þar sem lifrabólga D (af völdum delta veiru) kemur ekki fram án lifrabólgu B sýkingar.

Ef vitað er að einhver eftirfarandi aukaverkana hefur komið fram tímabundið við kíghóstabólusetningu, skal ekki gefa kíghóstabóluefni nema eftir vandlega íhugun:

- Hiti $\geq 40^{\circ}\text{C}$ innan 48 klst. frá ónæmisaðgerð, sem ekki er af annarri þekktri ástæðu;
- Yfirlið eða ástand sem líkist losti (vöðvaslappleiki-minnkuð svörun við áreiti) innan 48 klst. frá ónæmisaðgerð;
- Viðvarandi, óhuggandi grátur sem varir ≥ 3 klst, innan 48 klst. frá ónæmisaðgerð;
- Krampaköst með eða án hita innan 3 daga frá ónæmisaðgerð.

Þær aðstæður geta verið fyrir hendi, svo sem há tíðni kíghósta, að væntanlegir kostir vegi þyngra en möguleg áhætta.

Eins og á við um öll bóluefni til inndælingar, skal viðeigandi læknishjálp og eftirlit vera til staðar ef sjaldgæf bráðaofnæmisviðbrögð eiga sér stað í kjölfar þess að bóluefnið er gefið.

Eins og á við um allar bólusetningar, skal meta vandlega áhættu/ávinning við ónæmissaðgerð með Infanrix hexa eða frestun bólusetningar, hjá ungbarni eða barni sem þjáist af alvarlegum taugasjúkdómi, sem er nýtilkominn eða í framrás.

Infanrix hexa skal gefa með varúð einstaklingum sem hafa blóðflagnafæð eða blæðingarsjúkdóm þar sem inndæling í vöðva getur haft blæðingu í för með sér hjá þessum einstaklingum.

Ekki skal undir neinum kringumstæðum gefa bóluefnið í æð eða í húð.

Saga um hitakrampa, fjölskyldusaga um krampa eða skyndidauða ungbarna (vöggudauða) eru ekki frábendingar gegn notkun Infanrix hexa. Fylgjast skal vel með þeim bólusettu einstaklingum sem hafa sögu um hitakrampa, þar sem slík meintilvik geta komið fram innan 2 til 3 daga eftir bólusetningu.

Læknirinn þarf að hafa í huga að tíðni hækkunar líkamshita er hærri þegar Infanrix hexa er gefið samhliða samtengdu pneumókokkabóluefni (PCV7, PCV10, PCV13), eða samhliða bóluefni gegn mislingum-hettusótt-rauðum hundum-hlaupabólu (MMRV), samanborið við þegar Infanrix hexa er gefið eitt og sér. Þessi viðbrögð voru yfirleitt í meðallagi (líkamshiti 39°C eða lægri) og tímabundin (sjá kafla 4.5 og 4.8).

Aukin tíðni tilkynninga um krampa (með eða án hita) og vöðvaslappleika-vansvörunarástand kom fram við samhliða gjöf Infanrix hexa og Prevenar 13 (sjá kafla 4.8).

Varnandi meðferð með hitalækkandi lyfjum, fyrir eða rétt eftir gjöf bóluefnis, getur dregið úr tíðni og styrkleika hitaviðbragða eftir bólusetningu. Klínískar niðurstöður sem fengust við notkun parasetamóls og íbúprófens benda til þess að varnandi meðferð með parasetamóli geti dregið úr tíðni hita, en varnandi meðferð með íbúprófeni reyndist hafa takmörkuð áhrif á tíðni hita. Varnandi meðferð með hitalækkandi lyfjum er ráðlögð hjá börnum með flogaveiki eða með sögu um hitakrampa.

Veita skal hitalækkandi meðferð samkvæmt leiðbeiningum á hverjum stað.

Sérstakir sjúklingahópar

HIV-sýking er ekki talin frábending. Fullkomin ónæmissvörun næst e.t.v. ekki hjá ónæmisbældum sjúklingum.

Klínísk gögn benda til þess að gefa megí fyrirburum Infanrix hexa, hins vegar, eins og búast má við hjá þessum sjúklingahópi, hefur lægri ónæmissvörun komið fram fyrir suma mótefnavaka (sjá kafla 4.8 og kafla 5.1).

Þegar verið er að frumbólusetja mikla fyrirbura (sem fæddir eru ≤ 28 vikna meðgöngu) og sérstaklega þá sem hafa sögu um vanþroskuð öndunarfæri skal hafa í huga hugsanlega hættu á öndunarstöðvun og þörfina fyrir eftirlit með starfsemi öndunarfæra í 48-72 klst. Þar sem ávinningur af bólusetningu er mikill hjá þessum ungbörnum, skal ekki hætt við bólusetningu eða henni frestað.

Truflun á rannsóknarstofuprófum

Þar sem Hib fjölsykrunga mótefnisvakinn er skilinn út í þvagi, getur þvagpróf reynst jákvætt innan 1-2 vikna eftir bólusetningu. Gera ætti önnur próf til þess að staðfesta Hib-sýkingu á þessu tímabili.

Hjálparefni með þekkta verkun

Infanrix hexa inniheldur para-aminóbensósýru. Það getur valdið ofnæmisviðbrögðum (hugsanlega síðkomnum) og í undantekningartilfellum, berkjukrampa.

Bóluefnið inniheldur 0,0298 míkrog af fenýlalaníni í hverjum skammti. Fenýlalanín getur verið skaðlegt þeim sem eru með fenýlketónmigu (PKU), sem er mjög sjaldgæfur erfðagalli þar sem fenýlalanín safnast upp því líkaminn getur ekki fjarlægð það með fullnægjandi hætti.

Bóluefnið inniheldur minna en 1 mmól (23 mg) af natríum í hverjum skammti, þ.e.a.s. er sem næst natríumlaust.

Bóluefnið inniheldur minna en 1 mmól (39 mg) af kalíum í hverjum skammti, þ.e.a.s. er sem næst kalíumlaust.

Rekjanleiki

Til þess að bæta rekjanleika líffræðilegra lyfja skal heiti og lotunúmer lyfsins sem gefið er vera skráð með skýrum hætti.

4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Infanrix hexa má gefa samhliða samtengdum pneumókokkabóluefnum (PCV7, PCV10 og PCV13), samtengdu meningókokkabóluefni sermishópi C (samtengingar CRM₁₉₇ og TT), samtengdu meningókokkabóluefni sermishópum A, C, W-135 og Y (TT samtengingum), meningókokkabóluefni sermishópi B (MenB), rótaveirubóluefni til inntöku og bóluefni gegn mislingum-hettusótt-rauðum hundum-hlaupabólu (MMRV).

Upplýsingar sýna engin klínískt marktæk áhrif á mótefnasvörun við einstökum mótefnavökum, þó að ósamkvæm mótefnasvörun hafi sést við mænusóttarveiru gerð-2 við samhliða gjöf með Synflorix (sermisvörn á bilinu 78% til 100%) og tíðni ónæmissvörunar gegn PRP (Hib) mótefnavaka Infantrix hexa eftir 2 skammta sem gefnir voru við 2 og 4 mánaða aldur var hærri þegar það var gefið samhliða stífkrampatoxóíð samtengdu pneumókokka- eða meningókokkabóluefni (sjá kafla 5.1). Klínískt mikilvægi þessara upplýsinga er ekki enn þekkt.

Þegar Infantrix hexa var gefið samhliða MenB og samtengdum pneumókokkabóluefnum sáust ósamkvæmar niðurstöður í rannsóknum hvað varðar svörun við óvirkjaðri mænusóttarveiru gerð-2, mótefnavaka sermisgerð 6B samtengds pneumókokkabóluefnis og við mótefnavaka kíghósta pertaktíns en þessar upplýsingar benda ekki til klínískt mikilvægrar truflunar.

Upplýsingar úr klínískum rannsóknum benda til þess að þegar Infantrix hexa er gefið samhliða samtengdum pneumókokkabóluefnum er tíðni hækkunar líkamshita hærri samanborið við þegar Infantrix hexa er gefið eitt og sér. Upplýsingar úr einni klínískri rannsókn benda til þess að þegar Infantrix hexa er gefið með MMRV bóluefni er tíðni hækkunar líkamshita hærri samanborið við þegar Infantrix hexa er gefið eitt og sér og svipuð og þegar MMRV-bóluefni er gefið eitt og sér (sjá kafla 4.4 og 4.8). Engin áhrif voru á ónæmissvörun.

Vegna aukinnar hættu á hita, verk á stungustað, lystarleysis og pírings þegar Infantrix hexa var gefið samhliða MenB bóluefni og 7-gildu samtengdu pneumókokkabóluefni, má íhuga aðskildar bólusetningar þegar það er mögulegt.

Eins og á við um önnur bóluefni getur verið að sjúklingar sem eru á ónæmisbælandi meðferð sýni ekki fullkomna ónæmissvörun.

4.6 Frjósemi, meðganga og brjóstgjöf

Þar sem Infantrix hexa er ekki ætlað til notkunar hjá fullorðnum, eru fullnægjandi upplýsingar um notkun á meðgöngu og meðan á brjóstgjöf stendur og fullnægjandi rannsóknir á æxlun hjá dýrum ekki fyrir hendi.

4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

Á ekki við.

4.8 Aukaverkanir

Samantekt á öryggisupplýsingum

Eins og fram hefur komið fyrir DTPa og samsetningar sem innhalda DTPa, var greint frá auknum staðbundnum aukaverkunum (reactogenicity) og hita eftir örvunarbólusetningu með Infanrix hexa, samanborið við frumbólusetningu.

Tafla með yfirliti yfir aukaverkanir

Innan tíðniflokka eru alvarlegustu aukaverkanirnar taldar upp fyrst.

Tíðni fyrir hvern skammt er flokkuð sem:

Mjög algengar:	($\geq 1/10$)
Algengar:	($\geq 1/100$ til $< 1/10$)
Sjaldgæfar:	($\geq 1/1.000$ til $< 1/100$)
Mjög sjaldgæfar:	($\geq 1/10.000$ til $< 1/1.000$)
Koma örsjaldan fyrir:	($< 1/10.000$)

Greint var frá eftirtöldum lyfjatengdum aukaverkunum í klínískum rannsóknum (gögn frá fleiri en 16.000 einstaklingum) og eftir að bóluefnið kom á markað.

Líffæraflokkur	Tíðni	Aukaverkanir
Sýkingar af völdum sýkla og sníkjudýra	Sjaldgæfar	Sýking í efri hluta öndunarfæra
Blóð og eitlar	Mjög sjaldgæfar	Eitlastækkun ² , blóðflagnafæð ²
Ónæmiskerfi	Mjög sjaldgæfar	Bráðaofnæmisviðbrögð ² , bráðaofnæmislík viðbrögð (þ.m.t. ofsakláði) ² Ofnæmisviðbrögð (þ.m.t. kláði) ²
Efnaskipti og næring	Mjög algengar	Lystarleysi
Geðræn vandamál	Mjög algengar	Öðlilegur grátur, pirringur, eirðarleysi
	Algengar	Taugaóstyrkur
Taugakerfi	Mjög algengar	Svefndrungi
	Mjög sjaldgæfar	Yfirlið eða ástand sem líkist losti (vöðvaslappleiki-minnkuð svörun við áreiti) ²
	Koma örsjaldan fyrir	Krampar (með eða án hita)
Öndunarfæri, brjósthol og miðmæti	Sjaldgæfar	Hósti
	Mjög sjaldgæfar	Berkjubólga, öndunarstöðvun ² [sjá kafla 4.4 varðandi öndunarstöðvun hjá fyrirburum sem fæðst hafa mikið fyrir tímann (≤ 28 vikna meðganga)]
Meltingarfæri	Algengar	Niðurgangur, uppköst
Húð og undirhúð	Mjög sjaldgæfar	Útbrot, ofsabjúgur ²
	Koma örsjaldan fyrir	Húðbólga
Almennar aukaverkanir og aukaverkanir á íkomustað	Mjög algengar	Hiti $\geq 38^{\circ}\text{C}$, verkur, roði, staðbundin bólga á stungustað (≤ 50 mm)
	Algengar	Hiti $> 39,5^{\circ}\text{C}$, viðbrögð á stungustað þ.m.t. herslismyndun, staðbundin bólga á stungustað (> 50 mm) ¹
	Sjaldgæfar	Dreifð bólga í útlímnum sem sprautað var í, sem stundum nær til aðlægra liðamóta ¹ , þreyta
	Mjög sjaldgæfar	Útbreidd bólga í öllum útlímnum sem sprautað var í ^{1,2} , veruleg bólguviðbrögð ² , þykkildi á stungustað ² , blöðrur á stungustað ²

¹Líklegra er að börn sem hafa fengið frumónæmisaðgerð með frumulausu kíghóstabóluefni fái bólguviðbrögð eftir örvunarónæmisaðgerð, heldur en börn sem fengið hafa frumónæmisaðgerð með heilfrumubóluefni. Þessi viðbrögð hverfa að jafnaði innan 4 daga.

²Aukarverkanir sem greint hefur verið frá eftir markaðssetningu

- Reynsla af samhliða gjöf:

Greining á tíðni tilkynninga eftir að bóluefnið kom á markað bendir til hugsanlega aukinnar hættu á krömpum (með eða án hita) og vöðvaslappleika-vansvörunarástandi, þegar bornir eru saman hópar sem notuðu Infanrix hexa ásamt Prevenar 13 og hópar sem notuðu Infanrix hexa eitt sér.

Í klínískum rannsóknum þar sem sumir þeirra sem bólusettir voru fengu Infanrix hexa samhliða Prevenar (PCV7) sem örvunar- (4.) skammt af báðum bóluefnum, var greint frá hita $\geq 38^{\circ}\text{C}$ hjá 43,4% af ungbörnum sem fengu Prevenar og Infanrix hexa á sama tíma, samanborið við 30,5% af ungbörnum sem fengu sexgilda bóluefnið eitt sér. Hiti $\geq 39,5^{\circ}\text{C}$ kom fram hjá 2,6% af ungbörnum sem fengu Infanrix hexa með Prevenar og hjá 1,5% af ungbörnum sem fengu eingöngu Infanrix hexa (sjá

kafla 4.4 og 4.5). Tíðni hita og alvarleiki eftir samhliða gjöf bóluefnanna tveggja í frumónæmisaðgerðunum var lægri en tíðnin sem kom fram eftir örvunarskammtinn.

Gögn úr klínískum rannsóknum sýna svipaða tíðni hækkunar líkamshita þegar Infanrix hexa er gefið samhliða öðrum sakkariðtengdum pneumókokkabóluefnum.

Í klínískri rannsókn þar sem sumir þeirra sem bólusettir voru fengu örvunarskammt af Infanrix hexa samhliða bóluefni gegn mislingum-hettusótt-rauðum hundum-hlaupabólu (MMRV), var greint frá hita $\geq 38,0^{\circ}\text{C}$ hjá 76,6% barna sem fengu MMRV bóluefni og Infanrix hexa á sama tíma borið saman við 48% barna sem fengu Infanrix hexa eitt og sér og 74,7% barna sem fengu MMRV bóluefni eitt og sér. Greint var frá hita hærri en $39,5^{\circ}\text{C}$ hjá 18% barna sem fengu Infanrix hexa samhliða MMRV bóluefni borið saman við 3,3% barna sem fengu Infanrix hexa eitt og sér og 19,3% barna sem fengu MMRV eitt og sér (sjá kafla 4.4 og 4.5).

- Öryggi hjá fyrirburum:

Infanrix hexa hefur verið gefið fleiri en 1.000 fyrirburum (fæddir eftir 24 til 36 vikna meðgöngu) í rannsóknum á frumónæmisaðgerðum og fleiri en 200 fyrirburum sem örvunarskammtur á öðru aldursári þeirra. Í klínískum samanburðarrannsóknum sást svipuð tíðni einkenna hjá fyrirburum og fullburða ungbörnum (sjá kafla 4.4 varðandi upplýsingar um öndunarstöðvun).

- Öryggi hjá ung- og smábörnum mæðra sem hafa verið bólusettar með dTpa á meðgöngu

Í tveimur klínískum rannsóknum var Infanrix hexa gefið fleiri en 500 börnum mæðra sem voru bólusettar með dTpa ($n=341$) eða lyfleysu ($n=346$) á síðasta þriðjungi meðgöngu (sjá kafla 5.1). Öryggi Infanrix hexa var svipað án tillits til þess hvort móðirin hafði fengið dTpa á meðgöngu eða ekki.

- Reynsla af bóluefnum gegn lifrabólgu B:

Í örfáum tilfellum hefur verið greint frá ofnæmisviðbrögðum sem líkjast sermissótt, lömun, taugakvilla, taugabólgu, lágþrýstingi, æðabólgu, flatskæningi, regnbogaróða, liðbólgu, máttleysi í vöðvum, Guillain-Barré heilkenni, heilakvilla, heilabólgu og heilahimnubólgu. Orsakatengsl við bóluefnið hafa ekki verið staðfest.

Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengist lyfinu

Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu **samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá Appendix V.**

4.9 Ofskömmtnun

Engar upplýsingar liggja fyrir um ofskömmtnun.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: Samsett bakteríu- og veirubóluefni; ATC flokkur: J07CA09

Ónæmingargeta

Ónæmingargeta Infanrix hexa hefur verið metin í klínískum rannsóknum frá 6 vikna aldri. Bóluefnið var metið í 2-skammta og 3-skammta áætlun frumónæmisaðgerða þ.m.t. fyrir framlengda áætlun fyrir

ónæmisaðgerð og sem örvunaskammtur. Niðurstöðurnar úr þessum klínísku rannsóknum eru teknar saman í eftirfarandi töflum.

Eftir 3-skammta áætlun frumónæmisaðgerða hafði a.m.k 95,7% ungbarna þróað sermisvörn eða sermisjákvæð mótefnagildi gegn hverjum mótefnavaka bóluefnisins. Eftir örvunarónæmisaðgerð (eftir-skammtur 4) hafði a.m.k 98,4% ungbarna þróað sermisvörn eða sermisjákvæð mótefnagildi gegn hverjum mótefnavaka bóluefnisins.

Hundraðshlutfall einstaklinga með mótefnatíttra sem benda til sermisvarnar/sermisjákvæðni einum mánuði eftir 3-skammta frumónæmisaðgerð og örvunarbólusetningu með Infanrix hexa

Mótefni (Viðmiðunargildi)	Eftir-skammt 3				Eftir-skammt 4 (örvunar- bólusetningu á öðru aldursári eftir 3-skammta frumónæmis- aðgerð)
	2-3-4 mánaða N= 196 (2 rannsóknir)	2-4-6 mánaða N= 1693 (6 rannsóknir)	3-4-5 mánaða N= 1055 (6 rannsóknir)	6-10-14 vikna N= 265 (1 rannsókn)	N=2009 (12 rannsóknir)
	%	%	%	%	%
Gegn barnaveiki (0,1 a.e./ml) †	100,0	99,8	99,7	99,2	99,9
Gegn stífkrampa (0,1 a.e./ml) †	100,0	100,0	100,0	99,6	99,9
Gegn kighóstatoxóíði (5 EL.e./ml)	100,0	100,0	99,8	99,6	99,9
Gegn þráðлага hemagglútíni (5 EL.e./ml)	100,0	100,0	100,0	100,0	99,9
Gegn pertaktíni (5 EL.e./ml)	100,0	100,0	99,7	98,9	99,5
Gegn lifrabólgu B (10 ma.e./ml) †	99,5	98,9	98,0	98,5*	98,4
Gegn mænusótt gerð 1 (1/8 þynning) †	100,0	99,9	99,7	99,6	99,9
Gegn mænusótt gerð 2 (1/8 þynning) †	97,8	99,3	98,9	95,7	99,9
Gegn mænusótt gerð 3 (1/8 þynning) †	100,0	99,7	99,7	99,6	99,9
Gegn haemophilus gerð b (anti-PRP) (0,15 mikróg/ml) †	96,4	96,6	96,8	97,4	99,7**

N = fjöldi einstaklinga

* Í undirhópi ungbarna sem ekki fengu bóluefni gegn lifrabólgu B við fæðingu höfðu 77,7% einstaklinga mótefnatíttra fyrir lifrabólgu B $\geq$ 10 ma.e./ml

** Eftir örvunarskammt, hafði 98,4% af einstaklingum mótefnabéttni gegn haemophilus gerð b
 ≥ 1 míkróg/ml sem bendir til langtímaþvagnar
 † samþykkt viðmiðunargildi til marks um vörn

Eftir 2-skammta frumónæmisaðgerð hafði a.m.k. 84,3% ungbarna þróað sermisvörn eða sermisjákvæð mótefnagildi gegn hverjum mótefnavaka bóluefnisins. Eftir fulla ónæmisaðgerð samkvæmt áætlun um 2-skammta frumónæmisaðgerð og örvunarónæmisaðgerð með Infanrix hexa hafði a.m.k 97,9% einstaklinga þróað sermisvörn eða sermisjákvæð mótefnagildi gegn hverjum mótefnavaka bóluefnisins.

Samkvæmt mismunandi rannsóknum mun ónæmissvörun gegn PRP mótefnavaka í Infanrix hexa eftir 2 skammta gefnir við 2 og 4 mánaða aldur vera mismunandi ef það er gefið samhliða samtengdu stífkrampatoxóíð bóluefni. Infanrix hexa mun gefa and-PRP ónæmissvörun (samþykkt viðmiðunargildi ≥ 0,15 míkróg/ml) hjá a.m.k. 84% ungbarnanna. Þetta hækkar í 88% þegar pneumókokkabóluefni er notað samhliða sem inniheldur stífkrampatoxóíð sem burðarefni og í 98% þegar Infanrix hexa er gefið samhliða TT samtengdu meningókokkabóluefni (sjá kafla 4.5).

Hundraðshlutfall einstaklinga með mótefnatíttra sem benda til sermisvarnar/sermisjákvæðni einum mánuði eftir 2-skammta frumónæmisaðgerð og örvunarbólusetningu með Infanrix hexa

Mótefni (Viðmiðunargildi)	Eftir-skammt 2		Eftir-skammt 3	
	2-4-12 mánaða aldur N=223 (1 rannsókn)	3-5-11 mánaða aldur N=530 (4 rannsóknir)	2-4-12 mánaða aldur N=196 (1 rannsókn)	3-5-11 mánaða aldur N=532 (3 rannsóknir)
	%	%	%	%
Gegn barnaveiki (0,1 a.e./ml) †	99,6	98,0	100,0	100,0
Gegn stífkrampa (0,1 a.e./ml) †	100	100,0	100,0	100,0
Gegn kíghóstatoxóíði (5 EL.e./ml)	100	99,5	99,5	100,0
Gegn þráðлага hemagglútíni (5 EL.e./ml)	100	99,7	100,0	100,0
Gegn pertaktíni (5 EL.e./ml)	99,6	99,0	100,0	99,2
Gegn lifrabólgu B (10 ma.e./ml) †	99,5	96,8	99,8	98,9
Gegn mænusótt gerð 1 (1/8 þynning) †	89,6	99,4	98,4	99,8
Gegn mænusótt gerð 2 (1/8 þynning) †	85,6	96,3	98,4	99,4
Gegn mænusótt gerð 3 (1/8 þynning) †	92,8	98,8	97,9	99,2
Gegn haemo-philus gerð b (anti-PRP) (0,15 míkróg/ml) †	84,3	91,7	100,0*	99,6*

N = fjöldi einstaklinga

† samþykkt viðmiðunargildi til marks um vörn

* Eftir örvunarskammt höfðu 94,4% þátttakenda í 2-4-12 mánaða áætlun og 97,0% þátttakenda í 3-5-11 mánaða áætlun mótefnaþéttni gegn *Haemophilus* gerð b ≥ 1 míkróg/ml sem bendir til langtímaþvagnar.

Sýnt hefur verið fram á samsvarandi vörn í sermi fyrir barnaveiki, stífkrampa, mænusótt, lifrabólgu B og *Haemophilus influenzae* gerð b. Fyrir kíghósta er ekki samsvarandi vörn í sermi. Hins vegar þar sem ónæmissvörun gegn kíghóstamótefnavökum eftir gjöf Infanrix hexa er sú sama og fyrir Infanrix (DTPa), er gert ráð fyrir að varnandi verkun bóluefnanna tveggja sé sú sama.

Vernd gegn kíghósta

Sýnt var fram á klíniska vörn kíghóstaefnisþáttarins í Infanrix (DTPa) gegn dæmigerðum kíghósta eins og hann er skilgreindur af WHO (hóstaköst í ≥ 21 dag) eftir þriggja skammta ónæmisaðgerð í rannsóknunum sem sýndar eru í eftirfarandi töflu:

Rannsókn	Land	Áætlun	Virgni bóluefnis	Athugunarefni
Smit innan heimilis (framsýn blind)	Þýskaland	mánuðir 3, 4, 5	88,7%	Samkvæmt upplýsingum um ný tilfelli innan heimilis einstaklings með dæmigerðan kíghósta
Rannsókn á vernd (kostuð af NIH)	Ítalía	mánuðir 2, 4, 6	84%	Þegar sama hópi var fylgt eftir var verkun staðfest í allt að 60 mánuði eftir að frumónæmisaðgerð lauk án þess að örvunarskammtur af kíghósta væri gefinn

Ending ónæmissvörunar

Ending ónæmissvörunar við 3-skammta frumónæmisaðgerð (við 2-3-4, 3-4-5 eða 2-4-6 mánaða aldur) og örvunarónæmisaðgerð (á öðru aldursári) með Infanrix hexa var metin hjá börnum á aldrinum 4-8 ára. Ónæmissvörn gegn mænusóttarveirunum þremur og *Haemophilus influenzae* gerð b sást hjá a.m.k. 91,0% barnanna og gegn barnaveiki og stífkrampa hjá a.m.k. 64,7% barnanna. Að minnsta kosti 25,4% (gegn kíghóstatoxóíði), 97,5% (gegn þráðlaga hemagglútíni) og 87,0% (gegn pertaktíni) barnanna voru sermisjálkvæð gegn kíghóstapáttunum

Hundraðshlutfall einstaklinga með mótefnatíttra sem benda til sermisvarnar/sermisjákvæðni eftir frumónæmisaðgerð og örvunarónæmisaðgerð með Infanrix hexa

Mótefni (Viðmiðunargildi)	Börn 4-5 ára að aldri		Börn 7-8 ára að aldri	
	N	%	N	%
Gegn barnaveiki (0,1 a.e./ml)	198	68,7*	51	66,7
Gegn stífkrampa (0,1 a.e./ml)	198	74,7	51	64,7
Gegn kíghóstatoxóíði (5 EL.e./ml)	197	25,4	161	32,3
Gegn þráðlaga hemagglútíni (5 EL.e./ml)	197	97,5	161	98,1
Gegn pertaktíni (5 EL.e./ml)	198	90,9	162	87,0
Gegn lifrabólgu B (10 ma.e./ml)	250§ 171§	85,3 86,4	207§ 149§	72,1 77,2
Gegn mænusótt gerð 1 (1/8 þynning)	185	95,7	145	91,0
Gegn mænusótt gerð 2 (1/8 þynning)	187	95,7	148	91,2
Gegn mænusótt gerð 3 (1/8 þynning)	174	97,7	144	97,2
Gegn haemophilus gerð b (anti-PRP) (0,15 mikróg/ml)	198	98,0	193	99,5

N = fjöldi einstaklinga

* Sýni prófuð með ELISA og sýndu mótefnaþéttni gegn barnaveiki < 0,1 a.e./ml og voru endurprófuð með Vero-frumna hlutleysingarmælingu (sermisvörn viðmiðunarmörk $\geq$ 0,016 a.e./ml): 96,5% af þátttakendum var með sermisvörn.

§ Fjöldi þátttakenda úr 2 klínískum rannsóknum

Með tilliti til lifrabólgu B hefur sermisvörn mótefnaþéttni ($\geq$ 10 ma.e./ml), eftir áætlun um 3-skammta frumónæmisaðgerð og örvunarónæmisaðgerð með Infanrix Hexa, reynst endast hjá $\geq$ 85% einstaklinga 4-5 ára, hjá $\geq$ 72% af einstaklingum 7-8 ára, hjá $\geq$ 60% einstaklinga 12-13 ára og hjá 53,7% einstaklinga 14-15 ára. Að auki entist sermisvörn mótefnaþéttni eftir 2-skammta frumónæmisaðgerð og örvunarónæmisaðgerð gegn lifrabólgu B hjá $\geq$ 48% einstaklinga 11-12 ára.

Ónæmisminni fyrir lifrabólgu B var staðfest hjá börnum 4 til 15 ára. Þessi börn höfðu fengið Infanrix hexa sem frumónæmisaðgerð og örvunarónæmisaðgerð þegar þau voru ungbörn og þegar þeim var gefinn viðbótarskammtur af eingildu HBV bóluefni var ónæmisvörn komið fram hjá a.m.k. 93% einstaklinga.

Ónæmingargeta hjá ung- og smábörnum mæðra sem voru bólusettar með dTpa á meðgöngu

Ónæmingargeta Infanrix hexa hjá ung- og smábörnum heilbrigðra mæðra sem voru bólusettar með dTpa eftir 27 til 36 vikna meðgöngu var metin í tveimur klínískum rannsóknum.

Infanrix hexa var gefið ungbörnum samhliða 13-gildu samtengdu pneumókokkabóluefni við 2, 4 og 6 mánaða aldur eða við 2, 3 eða 4 mánaða aldur í þriggja skammta frumbólusetningaráætlun (n=241), eða við 3 eða 5 mánaða aldur eða 2 eða 4 mánaða aldur í tveggja skammta frumbólusetningaráætlun (n=27) og var síðan gefið sömu ung-/smábörnum á aldrinum 11 til 18 mánaða sem örvunarskammtur (n=229).

Upplýsingar um ónæmi í kjölfar frum- og örvunarbólusetningar sýndu engin klínískt marktæk áhrif bólusetningar móður með dTpa á svörun ungbarnsins eða smábarnsins við barnaveiki, stífkrampa, lifrabólgu B, óvirkri mænusótt, *Haemophilus influenzae* tegund b eða pneumókokka mótetnavökum.

Minni þéttni mótetna kom fram gegn kíghóstamótetnavökum eftir frumbólusetningu (kíghóstatoxóíð, þráðlaga hemagglútín og pertaktín) og eftir örvunarskammt (kíghóstatoxóíð, þráðlaga hemagglútín) hjá ung- og smábörnum mæðra sem voru bólusettar með dTpa á meðgöngu. Margföldun á þéttni mótetnavaka gegn kíghósta frá því fyrir örvunarskammt fram að 1 mánuði eftir örvunarskammt var á sama bili fyrir ung- og smábörn mæðra sem voru bólusettar með dTpa eða með lyfleysu sem sýnir fram á öfluga frumónæmisáðgerð. Þar sem samsvarandi vörn gegn kíghósta vantar er klínískt mikilvægi þessara upplýsinga ekki að fullu þekkt. Samt sem áður benda fyrirbyggjandi faraldsfræðilegar upplýsingar um kíghósta í kjölfar bólusetningar móður með dTpa ekki til þess að þessi ónæmistruflun hafi klíníska þýðingu.

Ónæmingargeta hjá fyrirburum

Ónæmingargeta Infanrix hexa var metin í þremur rannsóknum sem tóku til u.þ.b. 300 fyrirbura (fæddir eftir 24 til 36 vikna meðgöngu) eftir 3-skammta frumónæmisáðgerðarlotu við 2, 4 og 6 mánaða aldur. Ónæmingargeta örvunarskammts við 18 til 24 mánaða aldur var metin hjá u.þ.b. 200 fyrirburum.

Einum mánuði eftir frumónæmisáðgerð voru a.m.k. 98,7% einstaklinga með sermisvörn gegn barnaveiki, stífkrampa og mænusóttarveirum af gerð 1 og 2; a.m.k. 90,9% voru með sermisvarnar mótetnagildi gegn lifrabólgu B, PRP og mænusóttarveiru af gerð 3 mótetnavökum og allir einstaklingar voru sermisjákvæðir fyrir mótetnum gegn þráðlaga hemagglútíni og pertaktíni meðan 94,9% voru sermisjákvæðir fyrir mótetnum gegn kíghóstatoxóíði.

Einum mánuði eftir örvunarskammt voru a.m.k. 98,4% einstaklinga með sermisvörn eða með sermisjákvæð mótetnagildi gegn hverjum mótetnavaka nema gegn kíghóstatoxóíði (a.m.k. 96,8%) og lifrabólgu B (a.m.k. 88,7%). Svörun við örvunarskammti sem hlutfallsleg aukning á mótetnaþéttni (15- til 235-föld) bendir til þess að fyrirburar hafi verið fullnægjandi næmir fyrir öllum mótetnavökum í Infanrix hexa.

Í eftirfylgnirannsókn, sem gerð var hjá 74 börnum, u.þ.b. 2,5 til 3 árum eftir örvunarskammtinn voru 85,3% barnanna ennþá með sermisvörn gegn lifrabólgu B og a.m.k. 95,7% voru með sermisvörn gegn þremur gerðum af mænusóttarveirum og PRP.

Eftir markaðssetningu

Niðurstöður langtímaeftirfylgni í Svíþjóð sýna að frumulaus kíghóstabóluefni eru virk hjá ungbörnum þegar þau eru gefin skv. 3 og 5 mánaða frumónæmisáðgerðaráætluninni og örvunarskammtur er gefinn við u.þ.b. 12 mánaða aldur. Þó benda gögn til þess að vörn gegn kíghósta geti verið farin að minnka við 7-8 ára aldur eftir þessa 3-5-12 mánaða áætlun. Þetta gefur til kynna að þörf sé á öðrum örvunarskammti af kíghóstabóluefni hjá börnum á aldrinum 5-7 ára sem áður hafa verið bólusett samkvæmt þessari áætlun.

Árangur Hib-efnisþáttarins í Infanrix hexa var rannsakaður með víðtækri framhaldssrannsókn í Þýskalandi eftir markaðssetningu. Á sjö ára eftirfylgnitímabili var árangur Hib-efnisþáttanna í tveimur sexgildum bóluefnum, en annað þeirra var Infanrix hexa, 89,6% eftir fulla frumónæmisáðgerð og 100% eftir fulla frumónæmisáðgerð og örvunarskammt (óháð hvaða Hib-bóluefni var notað við frumónæmisáðgerð).

Niðurstöður reglubundinnar eftirlitsrannsóknar sem er í gangi á Ítalíu sýndu fram á virkni Infanrix hexa við að ná stjórn á Hib-sjúkdómi hjá ungbörnum þegar bóluefnið er gefið samkvæmt 3 og 5 mánaða frumbólusetningaráætluninni, með örvunarskammti sem gefinn er við u.þ.b. 11 mánaða aldur. Á sex ára tímabili sem hófst árið 2006, þar sem Infanrix hexa var aðalbóluefnið í notkun sem innihélt Hib og

hlutfall bólusettra var yfir 95%, var áfram góð stjórn á ífarandi Hib-sjúkdómum, en í fjórum tilvikum var greint frá staðfestum Hib tilvikum hjá ítölskum börnum yngri en 5 ára við óbeint eftirlit.

5.2 Lyfjahlvörf

Útlistunar á lyfjahlvörfum er ekki krafist fyrir bóluefni.

5.3 Forklínískar upplýsingar

Forklínískar upplýsingar benda ekki til neinnar sérstakrar hættu fyrir menn, á grundvelli hefðbundinna rannsókna á lyfjafræðilegu öryggi, sértækum eiturverkunum, eiturverkunum eftir endurtekna skammta og samrýmanleika innihaldsefna.

6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

6.1 Hjálparefni

Hib-stofn:

Vatnsfrír laktósi

DTPa-HBV-IPV-dreifa:

Natríumklóríð (NaCl)

Medium 199 (fyrir stöðugleika og inniheldur aminosýrur (þ.m.t. fenýlalanín), steinefnasölt (þ.m.t. natríum og kalíum), vítamín (þ.m.t. para-aminóbensósýru) og önnur efni)

Vatn fyrir stungulyf

Varðandi ónæmisglæða, sjá kafla 2.

6.2 Ósamrýmanleiki

Ekki má blanda þessu lyfi saman við önnur lyf, þar sem rannsóknir á samrýmanleika hafa ekki verið gerðar.

6.3 Geymslupól

4 ár.

Eftir blöndun: Ráðlagt er að nota bóluefnið tafarlaust. Þó hefur verið sýnt fram á stöðugleika í 8 klst. við 21°C eftir blöndun.

6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið í kæli (2°C – 8°C).

Má ekki frjósa.

Geymið í upprunalegum umbúðum, til varnar gegn ljósi.

Upplýsingar um stöðugleika benda til að þættir bóluefnisins séu stöðugir við hitastig allt að 25°C í 72 klst. Í lok þess tímabils skal nota Infanrix hexa eða farga því. Þessar upplýsingar eru aðeins til að leiðbeina heilbrigðisstarfsfólki ef um tímabundin hitastigsfrávik er að ræða.

Geymsluskilyrði eftir blöndun lyfsins, sjá kafla 6.3.

6.5 Gerð íláts og innihald

Duft (stofn/stungulyfsstofn) í hettuglasi (gler af gerð I) með tappa (bútýlgúmmí) sem inniheldur 1 skammt og 0,5 ml dreifu í áfylltri sprautu (gler af gerð I) með stimpiltappa (bútýlgúmmí) og gúmmiloki á oddi sprautunnar.

Lokið og gúmmístimpiltappinn á áfylltu sprautunni og tappinn á hettuglasinu eru gerð úr gervigúmmíi.

Pakkningar: 1 og 10, með eða án nála og fjölpakkning með 5 pakkningum, sem hver inniheldur 10 hettuglös og 10 áfylltar sprautur, án nála.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

6.6 Sérstakar varúðarráðstafanir við förgun og önnur meðhöndlun

Við geymslu getur komið í ljós tær vökvir og hvítt botnfall í áfylltu sprautunni sem inniheldur DTPa-HBV-IPV-dreifuna. Þetta er eðlilegt.


Hrista skal áfylltu sprautuna vel til að ná fram einsleitri hvítgruggugri dreifu.

Bóluefnið er blandað með því að bæta öllu innihaldi áfylltu sprautunnar í hettuglasið sem inniheldur duftið. Blönduna skal hrista vandlega þar til duftið er fullkomlega uppleyst, fyrir lyfjagjöf.


Blandað bóluefnið virðist vera örlítið meira skýjuð dreifa en fljótandi efnisþátturinn einn sér. Þetta er eðlilegt.

Bóluefnið skal skoða fyrir og eftir blöndun m.t.t. aðskotahluta og/eða óeðlilegs útlits. Ef annað hvort kemur í ljós á ekki að gefa bóluefnið.

